




100

teslatune
Finnbogi Pétursson

13.05 -29.06 2007



Drawings

Hljóðmynd af núinu

Viðtal við Finnboga Pétursson
fyrir Kunst und Kirche 2/2006
- Gunnar Kristjánsson

"Sköpunarþemað er mjög sterkt í verkum Finnboga." * Í verkinu *Óður* 1991 er vísun í Stóra hvell, listamaðurinn klippir á milli efnis og elds í dálítinn tíma þangað til það verður til rytmískt sjónrænt verk á myndbandi. Svo fer hann að klippa inn í það vatn, hann er að bæta frumefnunum inn í þetta sjónræna ferli, eldur og vatn kemur fyrir og svo loftið. Í staðinn fyrir tvítaktinn er kominn þrítaktur og svo fer maður að sjá ljós og þá er komin mjög sterk vísun til sköpunar heimsins sjónrænt séð. Það er ákveðinn líftími í þessu verki eins og hver stjarna á sinn líftíma. Seinni hluti verksins er fölginn í því að maður fer afturábak í gegnum ferlið. Hann dregur út úr því ljósið og svo loftið. Og á endanum er allt orðið svart og líflaust, þetta eru endalokin, það verður eitthvert svarthol til. Tíminn skiptir miklu máli í verkunum hans, vegna þess að maður getur ekki upplifað verkið nema staldra við um stund því að verkið sýnir aldrei stöðuga mynd það er stöðug hreyfing, "hann er stöðugt að vinna með samspil tíma og rýmis." **

Finnbogi Pétursson er í fremstu röð íslenskra myndlistarmanna, hann hefur sýnt verk sín vítt og breitt um heiminn og m.a. tekið þátt í sýningum í Þýskalandi. Finnbogi fæddist í Reykjavík 1959 og býr þar, ég lagði leið mína heim til Finnboga og átti við hann samtál um list hans. Fyrst spurði ég hann hvernig áhugi hans á listum hefði kviknað.

Áhugi minn á listum hefur alla tíð verið til staðar, ég hafði gaman af að teikna sem barn og þótti liðtækur á því sviði og sjálfsgagt átti það sinn þátt í því að leið mín lá í Myndlista- og handiðaskóla Íslands í Reykjavík, enda fór ég upphaflega þangað til náms í þeim tilgangi að læra grafík. Á þeim tíma voru tveir þekktir listamenn við skólann og höfðu mikil áhrif með kennslu sinni, það voru þeir Dieter Roth (f. 1930) og Hermann Nitsch (f. 1938). Báðir höfðu áhrif á mig og sýndu mér fram á að listin snýst um meira en teikningu.

Hvað höfðu sérstaklega til þín í list Roths og Nitsch?

Það var m.a. krafturinn í list þeirra, einnig tilviljunin í sköpuninni (Spontanität), engar markalínur eru dregnar, listinni eru engin takmörk sett, möguleikar hennar eru ótakmarkaðir. Þótt ég væri ekki nemandi hjá Roth hafði hann mikil áhrif á nemendur skólans almennt, einnig Hermann Nitsch sem fór með hóp nemenda úr skólanum til Þýskalands árið 1980 að mig minnir. Það munaði hársbreidd að ég kæmist í þá ferð en hún var lærdómsrík fyrir hópinn og reynslan skilaði sér til annarra. Nýlega kom ég í vinnustofu Roths í Basel og endurupplifði þá þessa tíma: notagildi hlutanna er umbreytt, allt fær nýja merkingu og er þaulhugað.

Hvert lá leið þín eftir myndlistarnám í Reykjavík?

Eftir að ég lauk námi við Myndlista- og handiðaskólann í Reykjavík 1983 fór ég til Hollands og stundaði



nám við Jan Van Eyck akademíuna í Maastricht á árunum 1983-1985. Þar fann ég mína leið í listinni. Sá áhugi sem ég hafði haft sem barn á hljóði, rafmagni og hátölurum, jókst. Ég kynntist hljóðlist í Hollandi fyrir alvöru, þar var mun betra aðgengi að heimildum en heima á þeim árum og ég hellti mér út í þessa grein listarinnar. Reyndar hafði ég starfað með hópi í Reykjavík sem nefndi sig Bruni BB og sinnti aðallega uppákomum, ég var því ekki óvanur uppákomum í Hollandi þar sem mikið var um slíka hluti og ég tók virkan þátt í þeim. Hins vegar fannst mér einstökum nemendum of þröngur stakkur sniðinn í akademíunni, þeim var ráðlagt af prófessorum sínum að halda sig innan ákveðins ramma og gæta þess að fara ekki of vítt. Síðar hef ég séð að þetta var ekki farsælt fyrir alla nemendur, þeir áttu á hættu að staðna þegar frá leið enda hef ég séð að svo fór fyrir sumum þeirra, þeir lokuðust af og „máluðu sig út í horn“.

En þarna kynntistu hljóðlist?

Í Hollandi kynntist ég hljóðlist fyrir alvöru, áhuginn hafði alltaf verið fyrir hendi enda lék ég á ýmis hljóðfæri og ég hef tröllatru á tónlist í uppeldi barna. Ein uppákoma er mér minnisstæð frá því ég var í Maastricht. Við fengum lánaða kapólska kirkju, Dominikanakirkju, sem hafði verið afhelguð – var reyndar vígð aftur síðar og notuð um tíma. Þetta var um páska 1985. Við auglýstum í blöðunum eftir stólum og segulbandstækjum, við fengum með þessu móti 750 stóla og 25 segulbandstæki. Við gullmáluðum stólana og dreifðum þeim um kirkjuna. Ég sá um hljóðin og stjórnaði þeim frá altarinu þar sem segulbandstækin voru, ég líkti eftir trúarlegum hljóðum, gregoríanskum söng,



Line
(Artpiece on floor by Ragna Róbertsdóttir)

tíbeskum barkasöng og öðrum trúalegum hljómi, gagngert eftir mynni. Hátalarnir voru í stólunum og mynduðu hljóðmynd eða öllu heldur hljóðumhverfi í kirkjunni.

Í verkinu *Teikningar* er eins og Finnbogi teikni ósýnilegar línur í loftið með því að nota 12 litla hátalara sem gefa frá sér handahófskennt hljóð, áhorfandinn veit aldrei hvaða hátalari tekur við næst, það er tilviljun háð. Ástæðan fyrir heitinu er að honum fannst að þegar tveir hátalarar kallast á af tilviljum eins og þeir teikni línur í loftið, einsog lína sem listamaður krassar með blýanti af handahófi. Þarna teiknar hljóðið ósýnilegar línur í loftið.

Síðan hefurðu fengist við hljóð.

Eftir að ég kom heim starfaði ég við sjónvarpsstöð í áratug, einkum við grafík, sinnti listinni þó einnig eftir bestu getu, en undanfarnir áratug hef ég eingöngu helgað mig listinni. Það hefur verið uppúr 1990 sem myndlistarhugsun mín mótast í þá veru sem hún er núna. Ég vinn mikið út frá symbolisma, og út frá grunnformunum: kassi, þríhyrningur og hringur en grunnform hljóðsins eru þau sömu: kassabylgja, þríhyrningsbylgja og sínusbylgja, – og noise eða suð sem hefur að geima allan tíðni skalann. Ég nota RGB sem er grunnljósformið eða ljóslitaskalann. Ég nota millibylgjur, interferensbylgjur. Hljóðbylgjur hafa áhrif á ljósbylgjur og valda því að þær blikka í ákveðinni tíðni. Undanfarið hef ég reyndar fengist talsvert við vatn og eld, t.d. gárumyndarnir sem verða vegna hljóðsins: það myndar gárur úr ýmsum tíðnum, línur og mynstur.

Verkið *Lína* frá árinu á Nýlistasafninu 1991 er röð af 34 hátölurum, þráðbein 12 metra löng lína sem menn horfa á en þegar áhorfandinn gengur framhjá hátölurunum myndast brotin lína í huganum eða kúrva, þetta er landslag. ***

Lýstu fyrir okkur myndverkinu sem þú settir upp í Safni Ásmundar Sveinssonar.

Þar er um að ræða myndverkið "*Sphere 2003*" sem nú er í eigu austurríksk safnara. Ég byrjaði á því að mæla eigin tíðni rýmisins eða kúlunnar sem reynist vera um 55 rið (hz) og ákvað að vinna með tíðnirnar þar í kring, þ.e. 50-60 hz. Í miðju rýminu (brennipunkti) kom ég fyrir skál á stöpli með u.þ.b. einum lítra af vatni í. Halogenpera inni í stöplinum lýsir í gegnum skálina og kastar hringlaga yfirborði vatnsins á hvolfpak kúlunnar. Bylgjurnar á yfirborðinu eru sibreytilegar eftir samblandi tíðnanna sem skella á því. Ég er að vinna með millibylgjur, interference, sem lýsa sér þannig að ef ég er með t.d. 50 hz tón og spila 53 hz tón samhliða honum þá fæ ég 3 hz millitón sem er í raun þriðji tóninn, búinn til úr hinum tveimur.

Verk þitt við orkuver á hálendinu vakti nýlega mikla athygli.

Í verkum mínum kemur íslensk náttúra mjög sterkt í gegn, þótt ég sé ekki beinlínis að vinna með fjallgarð þá kemur hann fyrir í verkinu. Ég finn mikið fyrir náttúrunni, hún kemur mjög sterkt fyrir í verkum mínum. Verkið "*Tíðni 2005*" stendur við Vatnsfellsstöð, á leiðinni upp á Sprengisand. Þetta er manngeng 20 m löng steinsteypt "orgelpípa", op hennar er 3 m á breidd Og 4 m á hæð. Hún mjókkar í 50 cm á breidd x 250 m hæð í endann. Innst inni í pípunni er tóngjafi, flauta sem knúin er af norðanvindinum og gefur frá sér 50 hz tón, sama tíðni og riðstraumur sveiflast á og er því hjartsláttur hans. Verkið er nokkuð frá virkjuninni sjálfri en í sjónmáli við hana.

Á hundrað ára afmæli Nóbelskáldsins Halldórs Laxnes settirðu upp hljóðverk í Borgarleikhúsinu í Reykjavík.

Verk "*Samtal 2002*" er tileinkað Nóbelskáldinu Halldóri Laxness á aldarafmæli hans 2002 í tengslum við Listahátíð í Reykjavík og var sett upp í Borgarleikhúsinu á afmælisárinu. Ég fékk til liðs við mig Gunnlaug Björnsson stjórnufræðing til að finna fyrir mig stjörnukerfi sem væri í 100 ára fjarlægð frá jörðinni. Hann fann stjörnukerfi sem er í 99.4 ljósára fjarlægð frá jörðinni og heitir Draco Edasis. Gunnlaugur útvegaði mér hljóðmerki úr radio telescope frá stjörnukerfinu, þetta hljóðmerki er búið að vera tæp 100 ár á leiðinni til jarðarinnar eða alla ævi skáldsins. Þetta hljóð leiddi ég í hátalara sem sveiflast yfir höfði áhorfendans í gangi milli tveggja leiksviða í leikhúsinu. Gangurinn er einungis 1,50 cm breiður en lofthæðin er 8 metrar. Ég fékk upptöku af lestri skáldsins úr einu verka þess til að vinna með og ákvað að klippa út öll orðin og skilja einungis þagnirnar og andardráttinn eftir. Þögninni kom ég fyrir í sveiflandi hátalaranum er opnaði fyrir hljóðið í stjörnukerfinu í örskots stund öðru megin í ganginum en hinum megin fór hátalarinn yfir hljóðnema sem var hringtengdur í hátalarann og framkallaði "feedback" hljóð. Feedback eða hljóðspeglun nota ég til áherslunnar á núði eða raunstundina, líðandi stund. Með því að blanda þessu hljóði saman við hljóðið frá stjörnukerfinu, með þagnir skáldsins sem tengilið milli alls tíma aldarinnar, náði ég að vinna með allt lífshlaup Halldórs Laxness.

Um hvað fjalla verk þín þegar á heildina er litið?

Verk mín eru hljóðmynd af núinu. Þau fjalla um tímann. Hvað er að gerast einmitt núna þegar hreyfingin á sér stað? Feed-back fyrirbærið er notað sem mjög ákveðinn tímabáttur í verkinu.



Sphere



Current

Ég hef verið upptekinn við að eltast við hluti sem maður sér ekki en eru til staðar, svo sem útværpsbylgjur, ljós og hljóð. Ég leitast við að ná þessu og móta úr því og beina eftir ákveðnum fyrirfram ákveðnum leiðum, sem ég vel, að ákveðnum stað í rýminu og með ákveðnum ráðum. Bylgjusendingar eru svo mikill partur af loftinu að við sæjum ekkert annað ef þær yrðu gerðar sýnilegar því að loftið er pakkað af þessum bylgjum.



Finnbogi nálgast þessi fyrirbæri út frá manneskjunni, hann reynir að túlka viðbrögð mannsins við þessum bylgjum. Úr umhverfinu, sem hann nemur, býr hann til nýtt umhverfi, m.a. úr eigin tilfinningum og hugsunum. Hann reynir að ná hljóðinu á þess eigin forsendum. Hann býr ekki til hljóð hér og hljóð hér, hann reynir að ná hljóðunum úr umhverfinu eins og þau eru, safna þeim saman svo að nýr tónn myndist. Hann sækist sífellt eftir nýjum og nýjum tegundum af hljóðnemum og gerir sér far um að læra meira og meira um virkni hljóðsins og jafnframt að gera sig eins óháðan ytri búnaði og mögulegt er.


* Friða Björk Ingvarsdóttir í útværpsættinum í hljóði.

** Friða Björk Ingvarsdóttir, sama heimild.

*** Halldór Björn Runólfsson: Útværpsátturinn í hljóði í mars 2002

Conversation





Circle

Acoustic image of the present

Interview with Finnbogi Pétursson
for the magazine *Kunst und Kirche*
(Art and Church) 2/2006
– Gunnar Kristjánsson

"The creative theme is very strong in Finnbogi's works." * In the work *Ode* 1991 there is a reference to the Big Bang: the artist cuts between material and fire for a while until a rhythmic visual work appears on a video. Then he starts to add water to it. He is adding basic elements to this visual process; fire and water appear and then air. The triplet replaces the duo; one begins to see light, then comes a strong reference to the creation of the world, from a visual standpoint. There is a definite lifetime in this work, as if every star has its own lifetime. The later part of the work consists of a person going in reverse through the process. He/she drags out the light and then the air. In the end, everything has become black and lifeless; these are the finales, some sort of black hole will result. Time is important in his works, because one cannot experience the artwork unless one stops for a while, as the work never shows a constant image but rather constant movement. "It is always working with the interplay of time and space." **

Finnbogi Pétursson is one of the leading Icelandic artists. He has shown his work all over the world and has also taken part in exhibitions in Germany. Finnbogi was born in Reykjavík in 1959 and lives there. I visited Finnbogi and interviewed him about his work. First I asked him what had sparked off his interest in art.

My interest in art has always existed. I enjoyed drawing as a child and was thought good at it, which of course played its part in my decision to go to the Icelandic College of Arts and Crafts (Myndlista- og handíðaskóla Íslands) in Reykjavík, where I originally went to learn graphics. Two well-known artists were at the school at that time, Dieter Roth (born 1930) and Hermann Nitsch (born 1938), whose teaching had a great effect. Both of them had an effect on me, and showed me that there is more to art than drawing.

What appealed especially to you in Roth and Nitsch's work?

It was the power in their art, also the coincidence in the conception (Spontanäitátið): no boundary lines are drawn, the art has no limits, its possibilities are endless. Although I wasn't one of Roth's students, he had a great influence on all students at the school as a whole. This also happened with Herman Nitsch, who went to Germany with a group of students from the school in 1980, if I remember correctly. I was a hair's breath away from going on that trip, which was a great learning experience for the group and the experience left its mark on others. Recently I went to Roth's studio in Basel and re-experienced the period back then. The utility of the objects is unchanged. Everything gets a new meaning and is extremely well thought out.



Corner

Where did you go after your art course in Reykjavík?

After completing my studies at the Icelandic College of Arts and Crafts in Reykjavik, I went to the Netherlands and studied at the Jan van Eyck Academy in Maastricht from 1983 to 1985. There I discovered my own artistic style. The interest I had had as a child in sounds, electricity and speakers increased. I became much better acquainted with sound art in the Netherlands, as there was much better access to references there and I threw myself into this field of art. I had in fact worked with a group in Reykjavik called Bruni BB which mainly covered happenings, so I was no novice to such events which had been common in the Netherlands and in which I had taken an active part. However, I felt that a few students were too narrowly constricted in the Academy; their professors advised them to stick within a particular framework and make sure they did not stray too far from it. I have since seen that this did not work for all students as they were in danger of stagnating later on, which has indeed happened with some of them. They became isolated and "painted themselves into a corner".

But you discovered sound art there?

In the Netherlands I became very interested in sound art, although the interest had always been there as I played various musical instruments and I have absolute faith in music as part of a child's upbringing. We got the loan of a Catholic church, Dominican Church, which had been deconsecrated – it was in fact consecrated again later on and used for a while. That was around Easter 1985. We



advertised in the papers for chairs and tape recorders and got 750 chairs and 25 tape recorders as a result. We painted the chairs yellow and distributed them around the church. I saw to the sounds and controlled them from the altar where the tape recorders were; I imitated religious sounds, Gregorian chants, Tibetan throat songs and other religious sounds, from memory. The speakers were in the chairs and formed an acoustic image, or rather an acoustic environment in the church. In the work *Drawings* it is as if Finnbogi draws invisible lines in the air by using 12 little speakers that give off a random noise – the viewer never knows which speaker will be next, it is completely random. The reason for the name is that he felt that two speakers called to one another by chance as if they were drawing lines in the air, like a line that an artist doodles randomly with a pencil. Here, the sound draws invisible lines in the air.

Since then you have dealt with sounds

After I came home I worked at a TV station for a decade, especially with graphics, although I also pursued art as much as I could, but in the last decade I have dedicated myself to art. My artistic thoughts became formed into what they are now from 1990 onwards. I work a lot from symbolism and from the basic forms, a square, triangle or circle, but the basic forms of the sound are the same – square waves, triangular waves and sine waves – as well as noise, which contains all the frequencies of the spectrum. I use RGB, which is the basic light form or the colour spectrum. I use medium-wave wave interference. Sound waves have an effect on light waves in that they flicker at specific



Steamroom

frequencies. Recently I have worked a lot with water and fire, for instance ripple waves that result from sound. They form ripples, lines and patterns from various frequencies.

The work *Line*, shown at the Living Art Museum in 1991, is a row of 34 speakers, a dead-straight 12-m-long line that people look at, but when the viewer walks past the speakers a broken line or curve forms in the mind. That's the landscape. ***

Describe for us the installation you set up in the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum


That work is called "*Sphere 2003*" and it is now owned by an Austrian collector. I began by measuring the frequency of the space or sphere, which turned out to be about 55 Hz, and decided to work with the frequencies around it, i.e. 50-60 Hz. In the middle of the space (focus) I put a bowl containing about one litre of water on a column. The halogen lamp inside the column shone through the bowl and threw the circular surface of the water onto the dome of the sphere. The waves on the surface are continually changing according to the blend of frequencies that hit them. I am working with medium-wave wave interference, which means that if I have, for instance, a 50 Hz tone and I play a 53 Hz tone beside it, getting a 3 Hz halftone which in reality is the third tone, resulting from the other two.

Your work at a power station in the highlands has aroused a great deal of attention

Icelandic nature shines through my work; although I do not work directly with a mountain range, it still appears in the work. I sense nature a lot and it comes across strongly in my works. *Frequency 2005* is located at Vatnsfell Power Station, on the way to Sprengisandur. It is a manmade 20-m-long concrete "organ pipe" with the opening 3 m wide. And it is 4 m high. It tapers to 50 cm wide x 250 m high at the end. Deep inside the pipe is a tone producer, a whistle that is driven by northerly winds and emits a 50 Hz tone, the same frequency that the alternating current vibrates to and is therefore its heartbeat. The work is some distance from the power station itself but is within viewing distance of it.

At the centenary anniversary of Nobel prize-winning author Halldór Laxness you set up a sound installation at the Reykjavík City Theatre

The work *Conversation 2002* is dedicated to the Nobel prize-winning author Halldór Laxness on the 100th anniversary of his birth in 2002, in association with the Reykjavík Arts Festival, and was installed in the Reykjavík City Theatre that year. I got astronomer Gunnlaugur Björnsson to find a constellation for me that was 100 years away from the Earth. He found a constellation for me that was 99.4 light years away from Earth and is called Draco Edasis. Gunnlaugur provided me with a buzz from the constellation through a radio telescope. This buzz has been on its way to Earth for almost 100 years, or almost the whole life of the novelist. I led the buzz into a speaker that swung over the viewer's head in a passageway between two stages in the theatre. The passageway is only 1.50 m wide but the height is 8 metres. I got a recording of a reading by the author of one of his works to work with, and decided to cut out all words and leave behind only the silences and the breathing that followed. I put the silence into a swinging loudspeaker and opened for the sound in the constellation for a split second on one side of the corridor, while on the other side the speaker went over a microphone that was cyclically connected in the speaker and produced a "feedback"



Border

sound. I use feedback for emphasis in the present or actual time, current time. By mixing this sound together with the sound from the constellation, with the silence of the novelist as a contact between the centuries, I managed to work with the life of Halldór Laxness.

What does your work focus on when looked at as a whole?


My works are an acoustic image of the present. They look at time. What is actually happening now when movement occurs? The feedback phenomenon is used as a very decisive time factor in my work. I have been preoccupied chasing things that one doesn't notice but are present nevertheless, such as radio waves, light and sound. I attempt to obtain these and make shapes out of them, directed at specific, previously-decided routes which I choose, to a particular space and in a particular arrangement in the space. Wave transmission is so much a part of the air that we see nothing else if they are made visible, as the air is packed with these waves.


Finnbogi approaches this phenomenon from the person; he tries to interpret a person's reactions to these waves. From the surroundings, which he senses, he makes a new environment from his own feelings and thoughts, among other things. He tries to obtain the sound on its own grounds. He does not create a sound here and a sound there, he tries to obtain the sounds as they are from the environment and gather them together so a new tone is formed. He is always searching for new types of microphones and goes out of his way to learn more and more about how sound works, at the same time making himself as independent from outside equipment as he possibly can.

* Friða Björk Ingvarsdóttir in the radio programme "In Sound" (Í hljóði)


** Friða Björk Ingvarsdóttir, same reference.

*** Halldór Björn Runólfsson: radio programme "In Sound", March 2002





The Watertanks, Water - Earth



The Watertanks. Fire - Air

